



Samningur SP um líffræðilega fjölbreytni

Samningur SP um líffræðilega fjölbreytni (Convention on Biological Diversity, CBD) tók gildi í Rio de Janeiro árið 1992. Á leiðtogafundinum um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg 2002 staðfestu leiðtogar meira en 150 ríkja að samningurinn væri mikilvægasta verkfærið til að varðveita líffræðilega fjölbreytni jarðarinnar.

Til þessa hafa 190 ríki gerst aðilar að samningnum um líffræðilega fjölbreytni, þ.m.t. öll Norðurlöndin.

Líffræðileg fjölbreytni

Líffræðileg fjölbreytni felur í sér alla fjölbreytni plantna, dýra og örvera, sem og fjölbreytni vistkerfa og erfðafræðilega fjölbreytni innan tegunda.

Úttekt SP á vistkerfum (Millennium Ecosystem Assessment) frá árinu 2005 gaf til kynna að athafnir manna á síðastiðnum 50 árum hefðu breytt vistkerfum heimsins meira en á nokkru öðru skeiði í sögu mannkynsins. Tegundir útrýmast 50–100 sinnum hraðar en telst náttúrulegt. Þýðingarmestu þættirnir á bak við þessar tilhneigingar eru m.a. eyðing búsvæða, ágengar framandi tegundir, ósjálfbær nýting náttúruauðlinda, loftslagsbreytingar og mengun. Skýrsla SP leggur áherslu á mikilvægi líffræðilegrar fjölbreytni til þess að mannkynið lifi af og til að stuðla að velmegun okkar, velferð og ánægju.

2010-markmiðið um líffræðilega fjölbreytni

Á leiðtogafundinum um sjálfbæra þróun 2002 ályktuðu aðilar að samningnum um líffræðilega fjölbreytni, að árið 2010 skyldi hafa hægst umtalsvert á þeirri þróun að líffræðileg fjölbreytni minnkaði sem afleiðing af mannlegu athæfi. ESB hefur sett sér enn metnaðarfullra markmið, að stöðva minnkun líffræðilegrar fjölbreytni með öllu.


Markmið og innleiðing samningsins

Í samningnum er litið á menn sem hluta af náttúrunni og réttur þeirra til að nýta náttúruauðlindir viðurkenndur um leið og fylgst er af kostgæfni með áhrifum hagnýtingar auðlinda á vistkerfi. Markmið samningsins eru að varðveita líffræðilega fjölbreytni, að tryggja sjálfbæra notkun náttúruauðlinda og að tryggja sanngjarna skiptingu þess hagnaðar sem fæst með nýtingu erfðaauðlinda.

Aðilum er skylt að útbúa innanlandsáætlanir og aðgerðaáætlanir um varðveislu og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni og gefa skýrslu um innleiðingu sína á samningnum um líffræðilega fjölbreytni. Helstu skyldur felast í að koma á og viðhalda verndarsvæðum, að vernda tegundir og stofna sem eru í hættu og að hafa eftirlit með líffræðilegri fjölbreytni. Verndarsvæði skulu með tímanum verða að víðtæku neti sem nær yfir 10% af heildarsvæði hverrar tegundar búsvæða. Þetta markmið hefur ekki enn náðst fyrir öll búsvæði.

Rík lönd bera ábyrgð á að hjálpa fátækum löndum að innleiða samninginn um líffræðilega fjölbreytni með fjárhagslegri aðstoð og innleiðingu tækni. Þessi skylda gildir einnig um Norðurlöndin og samstarfsaðila þeirra í þróunarstarfi.

Samningnum er hrint í framkvæmd með lagasetningu og öðrum stjórnþækjum sem beitt er innanlands eða af alþjóðlegum samböndum á borð við ESB.



Erfðaaudlindir og þjónusta vistkerfa

Erfðaaudlindir eru efnahagslega mjög mikilvægar sem hráefni á sviði líftækni, læknisfræði, snyrtivara, landbúnaðar og matvælaíðnaðar. Áætlað er að 40% alþjóðahagkerfisins byggist á líffræðilegum afurðum og þeim náttúrulegu ferlum sem vistkerfi heimsins láta mannkyninu í té – svokallaðri þjónustu vistkerfa.

Þróunarlöndin eiga stærstan hluta erfðaaudlinda heimsins, en tæknin sem notuð er til að hagnýta þær í viðskiptalegum tilgangi er að stórum hluta í eigu iðnríkanna. Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni hvetur til þess að byggt sé upp kerfi til að tryggja að hagnaðinum af hagnýtingu erfðaaudlinda sé skipt sanngjarnt.

Frumbyggjar og hefðbundin þekking

Í samningnum um líffræðilega fjölbreytni er sérstök vinnuáætlun varðandi hefðbundna þekkingu, nýsköpun og venjur frumbyggja og byggðarlaga. Samningurinn leggur áherslu á að hefðbundin þekking frumbyggja á líffræðilegri fjölbreytni og leiðir til að nýta hana sjálfbært skuli njóta verðskuldaðrar virðingar. Einnig skal skipta hagnaðinum af nýtingu þessarar þekkingar sanngjarnt.

Upplýsingar og vitund almennings

Nauðsynlegt er að fólk geri sér grein fyrir mikilvægi þess að varðveita líffræðilega fjölbreytni. Aðilar samningsins um líffræðilega fjölbreytni hafa skuldbundið sig til að upplýsa borgarana um mikilvægi tegunda og búsvæða. Hverju landi ber að setja upp upplýsingamiðlunarkerfi (Clearing-House Mechanism, CHM) til að miðla upplýsingum um líffræðilega fjölbreytni. Málafni sem tengjast varðveislu og sjálfbærri nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni ættu einnig að vera hluti af miðlun og námsefni á öllum stigum.

Skipulag samningsins

Þýðingarmestu skipulagsstofnanir samningsins um líffræðilega fjölbreytni eru ráðstefna aðildarríkjanna (Conference of the Parties, COP), skrifstofa samningsins um líffræðilega fjölbreytni (CBD Secretariat) og dótturstofnun í vísindalegri og tæknilegri ráðgjöf (Subsidiary Body on Scientific, Technical and Technological Advice, SBSTTA). COP-ráðstefnur eru haldnar á tveggja ára fresti til að taka ákvarðanir um málafni eins og t.d. hugsanlegar breytingar á samningnum og bókunum, til að skoða áhrif nýrra vísindalegra gagna, taka ákvarðanir um upplýsingagjöf auk annars nauðsynlegs þróunarstarfs.

Cartagena-bókunin um lífvernd

Í janúar 2000 undirrituðu aðilar samningsins um líffræðilega fjölbreytni viðbótarsamning sem kallast Cartagena-bókunin um lífvernd og varðar lífandi breytta lífverur (LMO). Markmið bókunarinnar er að tryggja fullnægjandi umhverfisvernd þegar lífandi breytta lífverur eru fluttar yfir landamæri eða notaðar alþjóðlega, til dæmis í landbúnaði og matvælaframleiðslu.

COP 9

Níundi fundur ráðstefnu aðildarríkjanna er haldinn í Bonn í maí 2008. COP 9 fundurinn leggur áherslu á ýmis málafni tengd samningnum um líffræðilega fjölbreytni, þ. á m. líffræðilega fjölbreytni ræktaðs lands og skóglendis, ágengar framandi tegundir, vistkerfanálgunina, hvatningarþróun, heildarstefnu um plöntuvernd, framvindu í átt að 2010-markmiðinu og þúsaldarmarkmiðunum um þróun, auk efnahagslegra auðlinda og kerfa. Auk þessara meginatriða eru önnur atriði einnig rædd. Áhugaverð umræðuefni frá norrænu sjónarhorni eru m.a.:

- verndarsvæði
- líffræðileg fjölbreytni og loftslagsbreytingar
- líffræðileg fjölbreytni innri vatnasvæða
- líffræðileg fjölbreytni sjávar og stranda
- líffræðileg fjölbreytni eyja
- samskipti, menntun og vitund almennings

Norrænt samstarf

Norðurlöndin hafa í sameiningu undir stjórn Norrænu ráðherranefndarinnar þróað norræna stefnu um erfðaaudlindir til að auka varðveislu og sjálfbæra nýtingu erfðafræðilegrar fjölbreytni í landbúnaði, skógrækt, fiskveiðum og matvælaframleiðslu. Samstarf af þessu tagi hjálpar einnig til við að innleiða samninginn um líffræðilega fjölbreytni m.t.t. framboðs erfðaaudlinda og tengdra réttinda.

Öll Norðurlöndin taka einnig þátt í samstarfi þjóða Norður-Evrópu og Eystrasaltsríkjanna vegna ágengra framandi tegunda (NOBANIS). Þetta samstarfsverkefni nær yfir öll vistkerfi á landi, í sjó og í ferskvatni. Unninn hefur verið gagnagrunnur um ágengar framandi tegundir, listi yfir tengdar reglugerðir, gagnagrunnur um tengd gögn og upplýsingabæklingar um nokkrar ágengar framandi tegundir. Samstarfsverkefnið tengist einnig náði öðrum samstarfsverkefnum, svæðisbundnum og alþjóðlegum, sem vinna gegn skaðlegum áhrifum ágengra framandi tegunda.

Heimildir:

- Convention on Biological Diversity (with annexes). Concluded at Rio de Janeiro, 5th June 1992.
- Norræna ráðherranefndin 2006: For a richer future – 13 conventions on the natural and cultural environment. TemaNord 2006:565.
- Ulkoasiainministeriö 2007: Kansainväliset ympäristösopimus ja Suomen kehityspolitiikka 2007.
- (Finniska utanríkisráðuneytið 2007: Alþjóðlegir umhverfissamningar og þróunarstefnur Finnlands 2007.)
- Phillips, B. & Jones, T. 2007: "Mountains to the sea"
- Implementation Framework for the Convention on Biological Diversity's cross-cutting programmes of work. WWF.
- www.cbd.int

